

**Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2015 – fyrri umræða 27. nóvember 2014****Inngangur**

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar sem hér er lögð fram til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði 33 mkr. en að samstæða A - og B – hluta skili 18 mkr afgangi. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld samstæðunnar verði 415 mkr. Í töflunni hér að neðan koma fram helstu stærðir úr rekstrarreikningi.

<b>Fjárhagsáætlun 2015 úr rekstrarreikningi (þús. kr.)</b>	<b>2015 A - hluti</b>		<b>2015 A + B hluti</b>	
<b>TEKJUR</b>				
Skatttekjur	437.770	60,0%	437.770	43,9%
Framlög Jöfnunarsjóðs	183.890	25,2%	183.890	18,4%
Aðrar tekjur	108.499	14,9%	376.026	37,7%
	<b>730.159</b>	<b>100,0%</b>	<b>997.686</b>	<b>100,0%</b>
<b>GJÖLD</b>				
Laun og launatengd gjöld	384.394	52,6%	414.916	41,6%
Annar rekstrarkostnaður	275.193	37,7%	431.773	43,3%
	<b>659.587</b>	<b>90,3%</b>	<b>846.689</b>	<b>84,9%</b>
<b>Framlegð (EBITDA)</b>	<b>70.572</b>	<b>9,7%</b>	<b>150.997</b>	<b>15,1%</b>
Afskriftir	24.818	3,4%	51.328	5,1%
Niðurstaða án fjármagnsliða	45.754	6,3%	99.669	10,0%
Fjármagnsliðir	-	-1,7%	- 81.652	-8,2%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>33.349</b>	<b>4,6%</b>	<b>18.017</b>	<b>1,8%</b>


**00 Skatttekjur**

Útsvör og fasteignatekjur ásamt lóðarleigu verða 437 mkr á árinu 2015, en framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð kr. 183,9 mkr. Gert er ráð fyrir að þjónustutekjur í A-hluta verði 108 mkr. Alls er því reiknað með að tekjur A-hluta nemi 730 mkr. Heildartekjur sveitarfélagsins eru hinsvegar áætlaðar 998 mkr.

Oft er spurt „í hvað fara skattarnir/útsvarið?“ Hægt er að svara þeirri spurningu t.d. með því að skoða nettóútgjöld á hvern málaflokk „rekstrarniðurstöðu“ sem hlutfall af skatttekjum. Skatttekjurnar eru þá útsvar fasteignaskattur og lóðarleiga ásamt framlögum Jöfnunarsjóðs, samtals 622 mkr. Þá má sjá að t.d. í fræðslumálin fara 293 mkr nettó eða 47% af skatttekjunum. Á meðan 72 mkr eða 11,6% fara til félagsþjónustunnar þar sem framlag til byggðasamlags um málefni fatlaðra á Vestfjörðum og þjónusta við aldraða vega þyngst . 71 mkr eða 11,4% fara í sameiginlegan kostnað, en undir þann lið flokkast m.a.

kostnaður við bæjarstjórn, bæjarráð og bæjarskrifstofu. Einnig færast undir þann lið ýmiss verkefni sem unnin eru í samstarfi við önnur sveitarfélög eins og þátttaka í Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Samtökum íslenskra sveitarfélaga, Náttúrustofu Vestfjarða, Menningarráði Vestfjarða ofl. ásamt kynningarmálum sveitarfélagsins, heimasíðu, auglýsingum osfrv. Í æskulýðs og íþróttamál eru nýtt 9,3% af skatttekjum.

## MYND 1



## Útsvar

Útsvarsprósentan í Bolungarvík hefur verið ákveðin 14,52% sem er leyfilegt hámarksútsvar. Af þessum 14,52% fara þó 0,77% eins og hjá öllum öðrum sveitarfélögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir rekstri grunnskólana í landinu. Jöfnunarsjóður úthlutar svo framlaginu til sveitarfélaganna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum til að mæta mismiklum kostnaði allra sveitarfélaga vegna málaflokksins.

Til viðbótar fer svo 0,99% af útvarinu beint til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra. Þeim fjármunum úthlutar Jöfnunarsjóður einnig til til sveitarfélaga eða byggðasamlaga eftir ákveðnum reglum. Á Vestfjörðum er starfandi byggðasamlag fyrir málefni fatlaðra sem fær fjármuninum úthlutað, en auk þeirra fjármuna sem byggðasamlagið fær frá Jöfnunarsjóði greiða sveitarfélögin beint 0,25% af útsvarinu til byggðasamlagsins. Þannig má segja að 12,51% af 14,52% útsvarsprósentu standi eftir þegar búið er að draga frá þessi framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og byggðasamlags um málefni fatlaðra.

## Jöfnunarsjóður

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir framlög Jöfnunarsjóðs byggir nánast alfarið á áætlun sjóðsins sjáfs. Gert er ráð fyrir því að framlög Jöfnunarsjóðs verði 184 m.kr. Hlutfall Jöfnunarsjóðs af tekjum aðalsjóðs er þá 25% eða 18,4% af heildartekjum sveitarfélagsins.

## Fasteignagjöld

Fasteignaskattur (A) á íbúðarhúsnæði er óbreyttur á milli ára, eða 0,5% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur (B) af opinberu húsnæði í eigu ríkisins er 1,32% sem er leyfilegt hámark hans. Fasteignaskattur á fyrirtæki er óbreyttur frá fyrra ári 1,5%. Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar skili samtals 44,8 m.kr í tekjur og lóðarleiga 7,9 mkr á árinu 2015.

Vatnsgjald og holræsagjöld eru 0,4% og 0,3% af fasteignamati húss og lóðar. Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis er 1,4 % af fasteignamati lóðar og önnur lóðarleiga 2,5 % af fasteignamati lóðar.

Heildargjöld á heimili fyrir sorphreinsun og eyðingu eru 35.850 kr samanborið við 34.800 kr í ár. Gjöldin skiptast þannig að sorphreinsgjaldið er kr. 20.500 á íbúð en sorpeyðingargjaldið kr. 15.350 á íbúð. Ekki hefur ennþá verið tekin ákvörðun um að fara í flokkun á lífrænu sorpi til jarðgerðar, en áform um slíka flokkun tengjast því að sveitarfélagin á svæðinu fari öll í slíka flokkun til að gera hana hagkvæma.

## Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrá er 3% með örfáum undantekningum þar sem einstakir liðir standa í stað. Rétt er að taka fram að gjaldskrár til almennings voru ekki hækkaðar fyrir árið 2014 þótt gjaldskrá til lögaðila t.d. gjaldskrá hafnarinnar hafi hækkað um 3%

## 02 Félagsþjónusta

Þótt stærsti einstaki útgjaldaliðurinn undir lið 02 Félagsþjónustu séu útgjöld vegna þjónustu við fatlaða þá segir það lítið um umfang þeirrar þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Þau útgjöld renna að stærstum hluta til byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum sem síðan stýrir útgreiðslum til þeirra sveitarfélaga sem sjá um þjónustuna við þjónustuþega. Að þeim útgjöldum frátöldum er það þjónusta við aldraða sem veitt er mestu fjármagni til eða samtals 17 mkr að frátöldum innheimtum tekjum vegna þjónustunnar.

## 04 Fræðslu og uppeldismál

Fræðslumálin eru lang umfangsmesti málaflokkur sveitarfélagsins. Heildarútgjöld málaflokksins hækka úr 289 mkr í 324 mkr en á móti koma tekjur af gjöldum í leikskóla og tónlistarskóla og heilsdagsskóla auk mötuneytis að fjárhæð ríflega 30 mkr. Þannig að rekstrarniðurstaða málaflokksins er 293 mkr sem fjármagna þarf með skatttekjum. Rekstrarkostnaður Grunnskólans hækkar í 204,5 mkr úr 192 mkr í fjárhagsáætlun 2014. Munar þar mest um að laun hækka úr 137 mkr í 144 mkr. Í Grunnskólanum eru nú 129 börn, en voru 136 talsins á sama tíma í fyrra. Í Leikskólanum eru 54 börn en nemendur Tónlistarskólans eru 43.

Verkfall tónlistarkennara í Félagi tónlistarkennara sem stóð í 5 vikur hefur haft veruleg áhrif á starf skólans í haust þar sem kennsla féll niður sem nemur 1/3 hluta annarinnar. Í ljósi þeirrar staðreyndar hefur bæjarráð ákveðið að veita 30% afslátt af gjöldum Tónlistarskólans á þessari önn.

## 05 Menningarmál

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld vegna menningarmála verði 26,5 mkr að meðtalinni innri leigu. Til innri leigu telst m.a. kostnaður vegna leigu safnanna á húsnæði af eignasjóði sem er auðvitað í eigu bæjarsjóðs. Þar er því verið að reikna rekstrarkostnað á viðkomandi safn sem skilar sér svo sem tekjur fyrir eignasjóð. Stundum er rætt um að þar sé um að ræða tilfærslu úr einum vasa bæjarfélagsins í annan. Raunverulegur kostnaður er svo kostnaður eignasjóðs af því að reka og eiga eignina. Í áætluninni er gert ráð fyrir framlagi til Sjómninjasafnsins Ósvarar, Náttúrugripasafnsins og Byggðasafns Vestfjarða og bókasafnsins. Launakostnaður við Náttúrugripasafn og Ósvör er í rauninni undir liðnum annar rekstrarkostnaður þar sem Náttúrustofa Vestfjarða sér í raun um rekstur beggja safnanna skv. sérstökum rekstrarsamningi, en kaupstaðurinn greiðir ekki laun beint til starfsmanna safnanna. Rétt er að taka fram að rekstur Félagsheimilisins er í sérstöku B-hluta fyrirtæki, en þar er að sjálfsögðu um menningarstarfsemi að ræða og er rekstur þess lang stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins til menningarmála eða 36 mkr á árinu 2015.

## 06 Æskulýðs- og íþróttamál

Heildarútgjöld vegna æskulýðs- og íþróttamála verði 90 mkr samkvæmt áætluninni en á móti koma tekjur að fjárhæð 32 mkr. Það segir þó ekki alla söguna vegna innri viðskipta á milli stofnana sveitarfélagsins. Þannig kaupir t.d Grunnskólinn þjónustu af Íþróttamiðstöðinni vegna leigu á íþróttasölum og sundlaug fyrir kennslu fyrir 8 til 9 milljónir á ári og Ungmennafélagið tæpar 7 milljónir á ári. Reiknað er með að peningalegir styrkir til íþróttafélaga séu óbreyttir frá árinu 2014. Þannig er gert ráð fyrir að peningalegur styrkur til Ungmennafélags Bolungarvíkur verði 3 m.kr og að Golfklúbbur Bolungarvíkur fái 1 mkr í styrk, mfl. karla BÍ/Bolungarvík fái 1 m.kr í styrk mfl. kvenna BÍ/Bolungarvík fái 0,5 mkr í styrk, og Hestamannafélagið 450 þús. krónur.

Auk peningalegra styrkja hafa íþróttafélögin greiðan aðgang að íþróttamiðstöðinni, sem nýtist auðvitað félögum á sama hátt og um fjárframlög væri að ræða.

## 07 Brunamál og almannavarnir

Framlög af skattfé sem fara til brunavarna eru um 17 mkr þar af er launakostnaður 6,2 mkr. Áætlað er fyrir ákveðnum fjölda slökkviliðsæfinga eða útkalla yfir árið með tilheyrandi launakostnaði auk fastra launa slökkviliðsstjóra í hlutastarfi. Þá er gert ráð fyrir öðrum rekstrarkostnaði að fjárhæð 11,1 mkr, en inni í þeirri tölu er auk ýmissa útgjalda vegna kaupa viðhalds á búnaði, innri leiga af slökkvibílum og slökkvistöð.

## 08 Hreinlætismál

Undir málaflokkinn falla m.a. sorphreinsun og rekstur gámastöðvar auk kostnaðar við sorpeyðingu eða urðun á sorpi. Leiga sorpílata sem sveitarfélagið leggur íbúum til er einnig inni í þessum lið auk kostnaðar vegna endurvinnslu eða endurnýtingar sorps, þar með talinn flutningskostnaður. Þá fellur kostnaður við rekstur gámastöðvar undir hreinlætismál. Reiknað er með að innheimt sorphirðu og sorpeyðingargjald nægi til að standa undir kostnaði við hirðingu og förgun heimilissorps, en halli er á rekstri gámastöðvar, þ.e. móttöku og flutningi sorps sem þangað kemur og er málaflokkurinn því að taka til sín 6,4 m.kr umfram innheimtar tekjur. Undir hreinlætismál fellur einnig kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits ofl. hjá stofnunum bæjarins.

## 09 Skipulags og byggingamál

Gert er ráð fyrir að nettó kostnaður við skipulags og byggingarmál verði um 9,1 mkr. Þar er aðallega um að ræða kostnað vegna byggingarfulltrúa og deiliskipulagsgerðar.

## 10 Umferðar og samgöngumál

Heildarútgjöld vegna málaflokksins eru 21 mkr en á móti komi tekjur að upphæð 2 m.kr vegna samnings við Vegagerðina. Undir málaflokkinn fellur m.a. viðhald gatna og gangbrauta 8,8 mkr, götulýsing 4,5 mkr og snjómokstur 7 mkr.

## 11 Umhverfismál

Gert er ráð fyrir 16 mkr í þennan málaflokk sem innifelur m.a. slátt og hirðingu opinna svæða og hreinsun bæjarlandsins, en í sumar var farið í stóratök í snyrtingu opinna svæða auk þess sem mikil vinna og fjármunir voru settir í að eyða ásæknum gróðri. Gert er ráð fyrir að að frá vori og fram á haust sé starfandi umhverfisfulltrúi.

## 21 Sameiginlegur kostnaður

Til sameiginlegs kostnaðar telst kostnaður við bæjarstjórn, bæjarskrifstofu markaðs og kynningarmál og greiðslur inn á lífeyrisskuldbindingar ásamt ýmsum kostnaði vegna samstarfs sveitarfélaga, bæði á landsvísu og fjórðungsvísu, þ.á.m. framlög til Menningarráðs Vestfjarða ofl. Gert er ráð fyrir að framlög í sameiginlegan kostnað verði 71 mkr á árinu.

## Fjármagnsliðir

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að verðbólga ársins 2015 verði 2,7% og fjármagnsliðir verði nettó neikvæðir um 12,4mkr í A-hluta og 81,7 mkr í samstæðu A- og B-hluta

## Eignasjóður

Í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að ráðstafa um 14 mkr í meiriháttar viðhald eigna sem tilheyra eignasjóði. Skipting á einstök verkefni mun bæjarráð gera tillögu um fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

## Bolungarvíkurhöfn

Gert er ráð fyrir 21 mkr hagnaði hjá Bolungarvíkurhöfn á árinu 2015. Hafnarstjórn leggur til að að gjaldskrá hafnarinnar hækki að jafnaði um 3% frá gjaldskrá ársins 2014. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að aflagjald verði óbreytt 1,55%.

## Vatnsveita og fráveita

Tekjur vatnsveitunnar eru áætlaðar um 27 mkr Þær eru að stærstum hluta fastar tekjur af álögðum vatnsskatti sem nemur 0,4% af fasteignamati húss og lóðar, en auk þess greiða stórir notendur aukavatnsskatt og er gert ráð fyrir að hann muni nema um 4 mkr. Undir annan rekstrarkostnað vatnsveitu fellur ýmiskonar viðhald í hreinsistöðvum, auk nýrra heimtauga. Þá er um að ræða rafmagn fyrir dælur og til lýsingar og hitunar osfrv. Gert er ráð fyrir að tekjur vatnsveitunnar verði jafnar gjöldunum árið 2015.

Holræsagjald sem er 0,3% af fasteignamati húss og lóðar myndar tekjur fráveitunnar. Reiknað er með að tekjurnar nemi 14,8 mkr árið 2015. Fráveitan skilar jákvæðri rekstraniðurstöðu að upphæð 7,3 m.kr en allar eignir eru þar orðnar afskrifaðar. Enginn launakostnaður er reiknaður á fráveitu og skilar hún rekstrarafgangi sem nemur 7,3 mkr.

## Félagslegar íbúðir

Áætlunin gerir ráð fyrir að halli verði á rekstri félagslegra íbúða að fjárhæð 10 mkr árið 2015.

## Félagsheimili Bolungarvíkur

Aukinn kraftur hefur verið settur í rekstur Félagsheimilisins á síðari hluta ársins 2014. Gert er ráð fyrir að tekjur ársins 2015 verði 7 mkr. Eins og áður hefur komið fram er sveitarfélagið að leggja stóran skerf til menningarmála með rekstri Félagsheimilisins, en reiknað er með að framlag til rekstursins verði 36 mkr á árinu.

## Fjárfestingar ársins – fjármögnun framkvæmda

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 50 mkr í A- og B-hluta á árinu 2015. Bæjarráð mun gera tillögu um skiptingu fjárfestingar á verkefni fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 102 mkr. eða 10% af heildartekjum. Áætlunin gerir ráð fyrir lántöku að fjárhæð 82 mkr til endurfjármögnunar lána, en jafnframt er reiknað með að Bolungarvíkurhöfn taki 15 mkr lán til fjárfestinga eða framkvæmda. Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána verði 99 mkr. á næsta ári.

Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið sveitarfélagsins, reiknað skv. reglugerð nr. 502/2012 verði u.þ.b. 126% en miðað er við að skuldahlutfallið þurfi að vera undir 150%.

## Þakkir

Bæjarstjóri vill þakka öllum forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun og þá sérstaklega fjármálastjóra sem hefur lagt mikla vinnu í undirbúning áætlunarinnar. Góð samvinna hefur verið í nýkjörnu bæjarráði við að vinna fjárhagsáætlun og er bæjarráðinu og þá sérstaklega formanni þakkað gott samstarf.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2015 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

**Bolungarvík 27. nóvember 2014,**  
**Elías Jónatansson, bæjarstjóri**